

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness mánudaginn 21. desember 2015 í máli nr. E-78/2015:

Hilda ehf.

(Kristín Fjóla Fannberg Birgisdóttir hdl.)

gegn

Önnu Lóu Marinósdóttur

(Hlödver Kjartansson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 3. nóvember sl., er höfðað 19. janúar 2015.

Stefnandi er Hilda hf., Lágmúla 6, Reykjavík.

Stefndi er Anna Lóa Marinósdóttir, Holtsbúð 22, Garðabæ.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði gert að þola að fjárnám verði gert fyrir skuld Dráttarbíla við stefnanda samkvæmt skuldabréfum útgefnum af Dráttarbílum 27. nóvember 2003 númer [...] og 24. nóvember 2005 númer [...], samtals að fjárhæð 98.941.250 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu af 42.521.241 krónu frá 15. maí 2009 til 17. maí 2010 en af 98.941.250 krónum frá þeim degi til greiðsludags, auk kostnaðar, inn í veðrétt samkvæmt tryggingarbréfum áhvílandi á fasteign stefndu að Holtsbúð 22, Garðabæ, fastanúmer [...]: Tryggingarbréf á 1. veðrétti, dagsett 15. apríl 1997, upphaflega að höfuðstól 4.000.000 krónur, tryggingarbréf á 2. veðrétti, dagsett 16. október 2003, upphaflega að höfuðstól 30.000.000 krónur og tryggingarbréf á 3. veðrétti, dagsett 17. ágúst 2005, upphaflega að höfuðstól 13.000.000 krónur. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar.

Upphafleg aðalkrafa stefndu var að málinu yrði vísað frá dómi. Leyst var úr þeirri kröfu með úrskurði dómsins 2. júní 2015. Var frávísunarkröfu stefndu hafnað.

I

Þann 16. apríl 1980 tilkynnti Pálmi Sigurðsson til firmaskrár Garðabæjar að hann hygðist stofna og reka fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð, einkafirmað Dráttarbíla. Tilkynning um stofnun fyrirtækisins var birt í Lögbirtingablaðinu.

Dráttarbílar gáfu út tvö skuldabréf til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) 27. nóvember 2003 og 24. nóvember 2005. Bæði skuldabréfin hafa að geyma yfirskriftina: „Veðskuldabréf í erlendri mynt“ og svohljóðandi texta: „Fyrirgreiðsla SPRON er endurlánað erlent lánsfé veitt í formi fjölmyntaláns, þar

sem myntir mega á hverjum tíma vera allt að 3 að vali skuldara. Tilskilið er að SPRON hafi aðgang að þeim myntum og Seðlabanki Íslands skrái þær.“ Í skuldabréfinu frá 27. nóvember 2003 er upphafsmyntsamsetning lánsins skráð JPY 58.224.163 og JPY 36.023.887 í skuldabréfinu frá 24. nóvember 2005. Í báðum skuldabréfunum segir að lánið endurgreiðist á þeim gjalddögum og með þeim kjörum er greini í bréfinu. Greiðslur verði skuldfærðar á tilgreindan reikning á gjalddaga og skuldbindi lántaki sig til að eiga næga innstæðu til ráðstöfunar greiðslu gjaldfallinnar skuldar.

Í því skuldabréfi sem gefið var út 27. nóvember 2003 er einnig svohljóðandi ákvæði: „Standi skuldari ekki í skilum með greiðslu afborgana og/eða vaxta; verði gert árangurslaust fjárnám hjá skuldara eða leiti hann nauðasamninga; hinu veðsetta eigi haldið vel við og/eða veðið rýrnar að mun; váttryggingariðgjöld eða önnur gjöld eigi greidd á réttum tíma; fjárnám gert í hinu veðsetta eða veðið auglýst eða selt nauðungarsölu; eigendaskipti verða á hinni veðsettu eign án þess að aflað hafi verið samþykktar lánveitanda til eigendaskiptanna og yfirtöku lánsins, þá er skuldin öll í gjalddaga fallin án uppsagnar eða tilkynningar. Gjaldfallnar fjárhæðir umreiknast ávallt í íslenskar krónur. Ber þá að greiða dráttarvexti af skuldinni þannig reiknaðri í samræmi við 10. gr. sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Heimilt er að reikna dráttarvexti af skuldinni allri frá því hún fyrst fellur í gjalddaga af þessum sökum.“ Samhljóða texti er í skuldabréfinu 24. nóvember 2005 að öðru leyti en því að þar er vísað til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Eldra skuldabréfið var gefið út í Reykjavík 27. nóvember 2003 og er bréfið undirritað af Pálma Sigurðssyni f.h. Dráttarbíla. Bréfið er ekki áritað af stefndu. Yngra skuldabréfið var gefið út í Garðabæ 24. nóvember 2005. Pálmi Sigurðsson undirritar skuldabréfið f.h. Dráttarbíla. Skuldabréfið er með áritun Önnu Lóu Marinósdóttur í reit sem ber yfirskriftina „Veðheimild“ og „Samþ. framangreinda veðsetningu sem þinglýstur eigandi“ og áritun Pálma Sigurðssonar í reit sem ber yfirskriftina „Samþ. maka þinglýsts eiganda“. Skuldabréfin hafa að geyma samhljóða og svohljóðandi áritun: „Skilmálum skuldabréfs breytt skv. yfirlýsingu dags. 20/11 2008“.

Samkvæmt skuldabréfinu, útgefnu 27. nóvember 2003, var lánstími þess þrjú ár í senn og fyrsti gjalddagi 15. maí 2004. Í skuldabréfinu segir: „Greiða skal 1/24 af höfuðstól ásamt vöxtum á hverjum gjalddaga og eftirstöðvar í einni greiðslu í lokin. Lántaka er heimilt að framlengja láni þessu 3 sinnum til 3 ára í senn ef samkomulag næst um kjör lánsins.“ Í skilmálabreytingu vegna þessa skuldabréfs, dagsettri 20. nóvember 2008, segir að það hafi verið gefið út af Dráttarbílum, upphaflega að fjárhæð 40.000.000 króna í eftirtalinni mynt: JPY 58.224.163. Einnig segir að gjalddagi 17. nóvember 2008 að jafnvirði 4.149.729 króna bætist við höfuðstól í eftirtöldu hlutfalli mynta: JPY 100%. Þá kemur einnig fram að nýir skilmálar bréfsins verði þeir að greiða skuli 1/14 af höfuðstól lánsins á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. maí 2010. Vexti skuli greiða á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. maí 2009, og að lokagjalddagi sé 15. maí 2010. Enn fremur segir að aðrir skilmálar bréfsins haldist óbreyttir. Í stefnu segir að á lokagjalddaga lánsins 15. maí 2010 hafi staða þess verið 56.420.009 krónur.

Samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 24. nóvember 2005, var lánstími þess þrjú ár í senn og fyrsti gjalddagi 15. maí 2006. Í skuldabréfinu segir meðal annars að greiða skuli 1/30 af höfuðstól ásamt vöxtum á hverjum gjalddaga og eftirstöðvar í einni greiðslu

í lokin. Lántaka sé heimilt að framlengja láni þessu fjórum sinnum til þriggja ára í senn náist samkomulag um kjör lánsins. Í skilmálabreytingu vegna þessa skuldabréfs segir að það hafi verið gefið út af Dráttarbílum, upphaflega að fjárhæð 18.700.000 króna í eftirtalinni mynt: JPY 36.023.997. Einnig segir að gjalddagi 17. nóvember 2008 að jafnvirði 2.243.509 króna bætist við höfuðstól í eftirtöldum hlutföllum: JPY 100%. Þá kemur einnig fram að nýir skilmálar bréfsins verði þeir að greiða skuli 1/24 af höfuðstól lánsins á sex mánaða fresti í fyrsta sinn 15. maí 2010. Vexti skuli greiða á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. maí 2009, og lokagjalddagi sé 15. nóvember 2011. Lánið mætti framlengja þrisvar sinnum til þriggja ára í senn og einu sinni til eins árs með sama greiðslufyrirkomulagi næðist samkomulag um kjör þess. Enn fremur segir að aðrir skilmálar bréfsins haldist óbreyttir. Í stefnu segir að lánið hafi fallið í gjalddaga 15. maí 2009 vegna vanskila í samræmi við skilmála 2. gr. skuldabréfsins og hafi staða þess þá verið 42.521.241 króna.

Þann 15. apríl 1997 gaf Pálmi Sigurðsson f.h. Dráttarbíla út tryggingarbréf að fjárhæð 4.000.000 króna bundið vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu 178,4 stig auk vísitöluálags, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kunni af vanskilum og skuldara beri að greiða að skaðlausu. Tryggingarbréfinu var þinglýst 19. ágúst 2005 og hvílir nú á 1. veðrétti fasteignarinnar að Holtsbúð 22 í Garðabæ. Bréfið er áritað af stefndu og Pálma Sigurðssyni um samþykki þinglýsts eiganda. Í tryggingarbréfinu segir að höfuðstóll veðtryggingar samkvæmt bréfi þessu sé bundinn lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 178,4 stig. Höfuðstóll veðtryggingarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölnni frá grunnvísitölu til þeirrar vísitölu sem í gildi er þegar reyna kunni á veðið. Einnig að standi skuldari ekki í skilum með einhverja þá skuld er bréfið tryggi, eða verði aðrar vanefndir af hálfu skuldara/veðsala; verði gert árangurslaust fjárnám hjá skuldara eða ábyrgðarmanni fyrir skuld sem veðinu sé ætlað að tryggja, eða leiti þeir nauðasamnings; hinu veðsetta eigi haldið vel við og eða veðið rýrni að mun; váttryggingariðgjöld eða önnur gjöld eigi greidd á réttum tíma; fjárnám gert í hinu veðsetta eða veðið auglýst eða selt nauðungarsölu; eða eigendaskipti verði á hinni veðsettu eign án þess að aflað hafi verið samþykktar sparisjóðsins til eigendaskiptanna og yfirtöku tryggingarbréfsins, þá sé heimilt að gjaldfella alla skuldina án uppsagnar eða tilkynningar. Verði vanefndir á lánsamningi sem bréfið tryggi beri að greiða dráttarvexti af skuldinni í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Þann 16. október 2003 gaf Pálmi Sigurðsson f.h. Dráttarbíla út tryggingarbréf að fjárhæð 30.000.000 króna bundið vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu 227,9 stig auk vísitöluálags, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kunni af vanskilum og skuldara beri að greiða að skaðlausu. Tryggingarbréfinu var þinglýst 16. október 2003 og hvílir nú á 2. veðrétti fasteignarinnar að Holtsbúð 22 í Garðabæ. Bréfið er áritað af stefndu og Pálma Sigurðssyni um samþykki þinglýsts eiganda. Í tryggingarbréfinu segir að höfuðstóll veðtryggingar samkvæmt bréfi þessu sé bundinn vísitölu neysliverðs með grunnvísitölu 227,9 stig. Höfuðstóll veðtryggingarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölnni frá grunnvísitölu til þeirrar vísitölu sem í gildi er þegar reyna kunni á veðið. Einnig að standi skuldari ekki í skilum með einhverja þá skuld er bréfið tryggi, eða verði aðrar vanefndir af hálfu skuldara/veðsala; verði gert árangurslaust fjárnám hjá skuldara eða ábyrgðarmanni fyrir skuld sem veðinu sé ætlað að tryggja, eða leiti þeir nauðasamnings; hinu veðsetta eigi haldið vel við og eða veðið rýrni að mun;

vátryggingariðgjöld eða önnur gjöld eigi greidd á réttum tíma; fjárnám gert í hinu veðsetta eða veðið auglýst eða selt nauðungarsölu; eða eigendaskipti verði á hinn veðsettu eign án þess að aflað hafi verið samþykktar sparisjóðsins til eigendaskiptanna og yfirtöku tryggingarbréfsins, þá sé heimilt að gjaldfella alla skuldina án uppsagnar eða tilkynningar. Verði vanefndir á lánsamningi sem bréfið tryggir beri að greiða dráttarvexti af skuldinni í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá og með gjaldfellingardegi til greiðsludags.

Þann 17. ágúst 2005 gaf Pálmi Sigurðsson f.h. Dráttarbíla út tryggingarbréf að fjárhæð 13.000.000 króna bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 242,7 stig auk vísitöluálags, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kunni af vanskilum og skuldara beri að greiða að skaðlausu. Tryggingarbréfinu var þinglýst 16. október 2003 og hvílir nú á 3. veðrétti fasteignarinnar að Holtsbúð 22 í Garðabæ. Bréfið er áritað af stefndu og Pálma Sigurðssyni um samþykki þinglýsts eiganda. Skilmálar bréfsins eru sambærilegir því sem rakið er að framan.

Bú Pálma Sigurðssonar var tekið til gjaldþrotaskipta 9. október 2008. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið 17. apríl 2009 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Lýst var átta kröfum í þrotabúið, samtals að fjárhæð 21.043.235 krónur. Samkvæmt kröfuskrá skiptastjóra lýsti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fimm kröfum í þrotabúið. Í skýrslu skiptastjóra, sem tekin var af Pálma 31. október 2008, segir að fyrirtækið Dráttarbílar hafi verið stofnað 1980 í tengslum við jarðvinnuverk og þungaflutninga og að ástæður gjaldþrots hans hafi verið erfiður rekstur Dráttarbíla. Undir gjaldþrotaskiptunum freistaði Pálmi Sigurðsson þess að leita nauðasamnings um skuldir sínar og sendi meðal annars Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis bréf vegna þess 2. apríl 2009.

Samkvæmt því sem greinir í stefnu nemur höfuðstóll skulda Dráttarbíla, sem Pálmi Sigurðsson er sagður í ótakmarkaðri ábyrgð fyrir samkvæmt umræddum skuldabréfum, stefnufjárhæðinni 98.941.250 (56.420.009 + 42.521.241) krónum auk vaxta og kostnaðar. Dráttarbílum og stefndu voru send innheimtubréf vegna skuldabréfanna 1. og 2. október 2014, sem ekki var svarað. Á þeim degi nam skuld Dráttarbíla samtals 184.530.503 krónum með dráttarvöxtum og kostnaði.

Skuldabréf, víxlar, tryggingarbréf og önnur lánaskjöl í eigu Dróma hf. og Frjálsa hf. voru framseld til stefnanda með umboði 31. desember 2013. Fyrirnefnd tryggingarbréf, útgefin 15. apríl 1997, 16. október 2003 og 17. ágúst 2005, sem hvíla á 1-3. veðrétti í fasteign stefndu að Holtsbúð 22 í Garðabæ voru framselt frá Dróma hf. til stefnanda með áritun á bréfin 31. desember 2013.

II

Stefnandi krefst dóms um að stefndu verði gert að þola að fjárnám verði gert í fasteign hennar, Holtsbúð 22 í Garðabæ, vegna skulda Dráttarbíla, sem sé einkafirma með ótakmarkaðri ábyrgð Pálma Sigurðssonar. Skuldin sé reist á tveimur skuldabréfum, tryggð með veði í fasteigninni samkvæmt tryggingarbréfi sem hvíli á 1., 2. og 3. veðrétti eignarinnar. Stefnandi kveður höfuðstól skulda samkvæmt fyrirnefndum skuldabréfum vera 98.941.250 krónur auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Bæði skuldabréfin hafi verið gefin út til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON). Í kjölfar þess að Fjárnálaeftirlitið hafi vikið stjórn SPRON frá og skipað skilanevnd yfir sparisjóðinn 21. mars 2009 hafi verið stofnað sérstakt hlutafélag, Drómi hf., sem hafi tekið við öllum eignum félagsins og jafnframt öllum tryggingaréttindum, þar með talið öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem hafi tengst kröfum SPRON. Skuldabréf og tryggingarbréf þau sem málið varði hafi verið framseld stefnanda 31. desember 2013.

Stefnandi kveður tryggingarbréf vera til tryggingar framangreindri skuld, sem tryggð séu með 1., 2. og 3. veðrétti í fasteign stefndu. Um sé að ræða tryggingarbréf númer [...], útgefið 15. apríl 1997 af Dráttarbílum. Tryggingarbréfið sé til tryggingar öllum skuldum Dráttarbíla við SPRON hf. að höfuðstól 4.000.000 króna auk dráttarvaxta og alls kostnaðar. Sé höfuðstóll bréfsins bundinn vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 178,4 stig. Tryggingarbréfinu hafi verið þinglýst 18. apríl 1997 og hvíli nú á 1. veðrétti fasteignarinnar. Þá sé um að ræða tryggingarbréf númer [...], útgefið 16. október 2003 af Dráttarbílum. Tryggingarbréfið sé til tryggingar öllum skuldum Dráttarbíla við SPRON hf. að höfuðstól 30.000.000 króna auk dráttarvaxta og alls kostnaðar. Sé höfuðstóll bréfsins bundinn vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 227,9 stig. Tryggingarbréfinu hafi verið þinglýst 16. október 2003 og hvíli nú á 2. veðrétti fasteignar stefndu að Holtsbúð 22 í Garðabæ. Loks sé um að ræða tryggingarbréf númer [...], útgefið 17. ágúst 2005 af Dráttarbílum. Tryggingarbréfið sé til tryggingar öllum skuldum Dráttarbíla að höfuðstól 13.000.000 króna auk dráttarvaxta og alls kostnaðar. Sé höfuðstóll bréfsins bundinn vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 242,7 stig. Tryggingarbréfinu hafi verið þinglýst 19. ágúst 2005 og hvíli nú á 3. veðrétti fasteignar stefndu að Holtsbúð 22 í Garðabæ.

Stefndu hafi verið sent innheimtubríf 1. október 2014 sem hún hafi ekki brugðist við. Skuld Dráttarbíla á þeim degi hafi verið samtals 184.530.503 krónur með dráttarvöxtum og kostnaði. Stefndu sé eigandi hinnar veðsettu eignar. Þar sem skuld Dráttarbíla við stefnanda hafi ekki verið greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir stefnanda sé stefnanda nauðsynlegt að höfða málið til að fá aðfararhæfan dóm til að gera fjárnám inn í veðrétt samkvæmt fyrrgreindum tryggingarbréfum, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, og eftir atvikum í kjölfarið að selja hina veðsettu eign nauðungarsölu til fullnustu kröfu stefnanda. Aðalskuldarinn, Dráttarbílar, sé einkafirma Pálma Sigurðssonar sem beri ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Hvað lagarök varðar vísar stefnandi til almennra reglna veðréttarins auk laga nr. 90/1989 um aðför, en samkvæmt lögunum sé stefnanda nauðsynlegt að fá dóm um heimild til aðfarar svo að fullnusta megi veðið með aðför og síðar nauðungarsölu. Þá vísar stefnandi til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Um varnarþing er vísað til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. sömu laga.

Stefnda kveður kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi reista á því að stefnandi sé ekki réttur aðili að þessu máli og hafi ekki gilt framsal á skuldabréfunum til sín. Því beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu vegna aðildarskorts stefnanda, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því að Pálmi Sigurðsson beri ótakmarkaða ábyrgð á framangreindum skuldum einkafirma síns, Dráttarbíla, og sé það ágreiningslaust. Stefnandi geri hins vegar aðeins kröfu um að fá aðfararhæfan dóm á hendur stefndu fyrir stefnufjárhæðinni auk vaxta og kostnaðar. Hvorki séu gerðar kröfur í málinu á hendur Pálma né Dráttarbílum. Bú Pálma og þar með einkafirma hans Dráttarbíla hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 9. október 2008. Við það hafi allar kröfur á hendur þrotabúi Pálma og Dráttarbíla sjálfkrafa fjallið í gjalddaga án tillits til þess sem áður kunni að hafa verið umsamið eða ákveðið með öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Með lögum nr. 142/2010 um breytingu á nefndum lögum hafi verið gerð sú breyting á 2. mgr. 165. gr. nefndra laga að hafi kröfu verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau sé fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrji þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum sé lokið, sem í tilviki Pálma og Dráttarbíla og hér um ræði hafi verið 17. apríl 2009. Þótt kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin eins og hér eigi við um fjárkröfu stefnanda gildi þessi sami fyrningarfrestur um hana, enda fyrnist hún ekki á skemmri tíma. Þessi breytingalög hafi tekið gildi 29. desember 2010 og samkvæmt 2. gr. laganna taki þau til krafna við gjaldþrotaskipti sem þá hafi verið ólokið og einnig til krafna í þrotabú sem skiptum hafði verið lokið á fyrir gildistöku laganna eins og hér eigi við í tilviki Pálma og Dráttarbíla, skuldara umræddra skuldabréfa. Fyrnist kröfur í þau þrotabú á tveimur árum frá gildistöku laganna nema skemmri tími stæði þá eftir af fyrningarfresti. Stefnandi hafi ekki með málssókn slitið fyrningu fjárkrafna sinna í málinu á grundvelli umræddra skuldabréfa með þeim hætti sem honum hafi verið unnt að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. 1. gr. nefndra breytingalaga. Samkvæmt þessu sé því haldið fram af hálfu stefnda að stefnukröfurnar séu fallnar niður fyrir fyrningu. Fjárfrafa stefnanda sé því ógild og hafi stefnandi sökum þess glatað rétti sínum til efnda samkvæmt skuldabréfunum bæði á hendur skuldaranum og stefndu. Því verði stefnanda ekki með aðfararhæfum dómi veitt heimild til þeirrar fjárnámsgerðar sem hann krefst í málinu í fasteign stefndu að Holtsbúð 22 í Garðabæ samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt 4. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda fyrnist kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum á fjórum árum frá þeim degi, er krafan var gjaldkræf, sbr. 1. málslíð 5. gr. nefndra laga. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. sömu laga slítur málsókn fyrningu. Nefnd lög gildi um þær kröfur sem stefnandi hafi uppi í þessu máli, sbr. 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, þar sem kveðið sé á um að þau lög öðlist gildi 1. janúar 2008 og gildi einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna, sem hér sé ekki raunin. Stefnandi byggir kröfur sínar á því að greiðslufall það á skuldabréfunum sem að framan sé lýst hafi orðið 15. maí 2009. Lánin hafi þá verið gjaldfelld í samræmi við skilmála skuldabréfanna, en eins og áður segi féllu hins vegar allar kröfur, þar með taldar kröfur samkvæmt skuldabréfunum, á hendur þrotabúi Pálma og Dráttarbíla sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús hans til

gjaldþrotaskipta 9. október 2008. Stefnufjárhæðin sé vanreifuð, en á því byggt af stefnanda að hún standi saman af gjaldföllum höfuðstól lánanna 15. maí 2009, umreiknuðum í íslenskar krónur, ásamt samningsvöxtum til þess dags og hafi þá orðið gjaldkræf í samræmi við framangreinda skilmála skuldabréfanna auk dráttarvaxta af gjaldfallinni eða gjaldfelltri fjárhæð, 42.521.241 króna, frá 15. maí 2009 vegna skuldabréfsins frá 24. nóvember 2005, og að viðbættum 56.420.009 krónum frá 17. maí 2010 vegna skuldabréfsins frá 27. nóvember 2003. Þrátt fyrir það hafi stefnandi eða þeir sem hann leiði rétt sinn frá ekki hafið innheimtuaðgerðir sem slitið gætu fyrningu fyrr en með stefnu í þessu máli sem þingfest hafi verið 28. janúar 2015. Hafi þá verið liðin meira en fjögur ár frá því að krafan hafi orðið gjaldkræf og hún því fyrnd samkvæmt 4. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905. Krefjist stefnda einnig sýknu af öllum kröfum stefnanda á þeim grunni.

Stefnda kveðst byggja á því að hún sé ábyrgðarmaður á umræddum skuldum Pálma Sigurðssonar og einkafirma hans Dráttarbíla í skilningi 2. og 3. mgr. 2. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 og stefnandi og forverar hans, það er þeir sem hann leiði rétt sinn frá, lánveitendur í skilningi 1. mgr. 2. gr. þeirra. Þeir hafi ekki tilkynnt stefndu um framsal réttinda sem reist séu á ábyrgðinni eða lánum þeim sem ábyrgðin standi til tryggingar á, svo sem þeim hafi verið skylt samkvæmt 3. gr. laganna. Hafi stefnda því ekki sem ábyrgðarmaður glatað mótbáru rétti gagnvart framsalshafa sem sé stefnandi þessa máls. Með vísan til framangreinds hafi Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, svo og Drómi ehf. og Frjálsi ehf., vitað eða átt að vita um gjaldþrot Pálma og þar með einkafirma hans Dráttarbíla.

Lögin um ábyrgðarmenn hafi tekið gildi 4. apríl 2009 og taki samkvæmt 12. gr. þeirra til ábyrgða sem stofnað hafi verið til fyrir gildistöku þeirra að frátalinni 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. Tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna hafi aldrei verið sendar stefndu frá því að lögin hafi tekið gildi 4. apríl 2009, og hún aldrei mótttekið allan þann tíma, né heldur frá því að hún hafi gengist í ábyrgð sína með útgáfu tryggingarbrefanna á árunum 1997, 2003 og 2005. Stefndu hafi bæði verið ókunnugt um gjaldþrot Pálma Sigurðssonar og Dráttarbíla og lok á skiptum þess þrotabús og hafi einnig algjörlega verið ókunnugt um vanefndir hans á greiðslu framangreindra skuldabréfa þar til stefnan í málinu hafi verið birt henni. Ábyrgðarmaður skuli samkvæmt 2. mgr. 7. gr. nefndra laga vera skaðlaus af vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu samkvæmt 1. mgr. 7. gr. og ef vanræksla sé veruleg skuli ábyrgð falla niður. Byggi stefnda á því að þessi vanræksla sé veruleg í þessu máli eða í nær sex ár frá gildistöku nefndra laga 4. apríl 2009 og því skuli greindar ábyrgðir hennar falla niður. Krefjist stefnda einnig sýknu á þeim grunni.

Verði stefnda ekki sýknuð af framangreindum ástæðum kveðst hún krefjast sýknu á þeim forsendum að hún sé ekki með réttu og á skuldbindandi hátt ábyrgðarmaður á skuldunum samkvæmt skuldabréfunum þar sem stefnandi eða réttara sagt sá sem hann leiði rétt sinn frá hafi ekki, þegar stefnda hafi undirgengist ábyrgðir sínar með veðsetningu fasteignar sinnar samkvæmt tryggingarbrefunum þremur, farið að reglum um mat á greiðslugetu o.fl. samkvæmt Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga 1. nóvember 2001 milli Samtaka banka og verðbrefafyrirtækja f.h. aðildarfélaganna sinna, Sambands íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða, Neytendasamtakanna og viðskiptaráðherra af hálfu stjórnvalda, sbr. áður Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða frá 27. janúar 1998, og almennum reglum um kröfuábyrgð. Stefnda haldi því fram að bæði við lánveitingarnar til

Pálma og Dráttarbíla og sérstaklega áður en hún hafi undirgengist veðábyrgðirnar, sbr. 2. gr. samkomulagsins, hafi lánveitanda borið að meta greiðslugetu greiðanda og skuldara, Pálma Sigurðssonar persónulega og vegna einkafirma hans Dráttarbíla, í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 3. gr. nefnds samkomulags og fyrirmæli annarra ákvæða 3. gr., enda hafi það verið skylt þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemi meira en 1.000.000 króna, sem hér hafi samtals verið að fjárhæð 58.700.000 krónur upphaflega og með þeirri miklu áhættu sem hafi fylgt því að lánin voru gengistryggð miðað við erlenda mynt. Lánveitandi hafi ekki framkvæmt slíkt greiðslumat sem honum hafi verið skylt og hafi hann engar upplýsingar veitt stefndu í samræmi við fyrirmæli 4. gr. samkomulagsins áður en til veðsetningarinnar var stofnað né heldur eftir það þegar lánin voru veitt með útgáfu skuldabréfanna. Þá hafi stefnandi vanrækt að tilkynna stefndu um vanskil á skuldabréfunum, sem skyldi gert innan 30 daga frá greiðslufalli skuldara, og einnig algjörlega vanrækt skyldu um að tilkynna henni við hver áramót skriflega um hvaða kröfum hún væri í ábyrgð fyrir, hverjar eftirstöðvar þeirra væru, hvort þær væru í vanskilum og hversu mikil vanskil væru ef um þau væri að ræða. Samkvæmt því ákvæði hafi lánveitandi og brotið gegn því banni að breyta ekki skilmálum lánanna sem tryggð voru með veðum stefndu, nema með samþykki hennar sem ábyrgðarmanns. Samkvæmt þessu hafi lánveitandinn ekki við veðsetningar stefndu vísað í samkomulagið í samræmi við fyrirmæli 9. gr. samkomulagsins né heldur tilgreint fjárhæðir skuldbindinga stefndu samkvæmt skuldabréfunum. Þá hafi lánveitandinn vanrækt að beita sér fyrir endurnýjun eldri veðsetninga stefndu 15. apríl 1997, 16. október 2003 og 17. ágúst 2005 sem ekki heldur tilgreindu skuldbindingu stefndu samkvæmt skuldabréfunum sem stofnað var til með útgáfu þeirra eftir þau tímamark eða 27. nóvember 2003 og 24. nóvember 2005. Sé því haldið fram af hálfu stefndu að engin skilyrði samkomulagsins gagnvart stefndu sem ábyrgðarmanni hafi verið uppfyllt af hálfu lánveitanda eða réttartaka hans. Byggi stefnda á því að ekkert greiðslumat hafi farið fram í samræmi við umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga til grundvallar þeirri veðábyrgð sem stefnandi reisi kröfur sínar á, hvorki skuldabréfunum tveimur, né tryggingarbréfunum.

Stefnda byggi einnig á því að hafi slíkt greiðslumat verið framkvæmt hafi það ekki verið kynnt henni sjálfri eins og borið hafi að gera og áður greini. Lánveitandinn hafi því á þessum tíma vanrækt að gæta að reglum samkomulagsins um mat á greiðslugetu og fleira beint og persónulega gagnvart stefndu. Það samrýmist ekki tilgangi og markmiðum samkomulagsins að skuldarinn/greiðandinn afli ábyrgðanna utan starfstöðvar lánveitandans eins og tilfellið sé hér. Lánveitandanum hafi sjálfum borið að fara eftir skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu með persónulegum og beinum samskiptum við stefndu. Það hafi hann vanrækt og veðábyrgð stefndu samkvæmt tryggingarbréfunum beri því að virða að vettugi. Stefnda haldi því einnig fram að skuldarinn Pálmi Sigurðsson, ásamt Dráttarbílum hefði ekki staðist greiðslumat hefði slíkt mat farið fram á grundvelli fullnægjandi og réttra upplýsinga um greiðslugetu skuldarans. Byggi stefnda á því að stefnandi verði að bera hallann af allri þeirri óvissu sem um þetta sé, svo og því hvort stefnda hefði gengist í ábyrgðina ef réttilega hefði verið staðið að gerð greiðslumats. Með vísan til framangreinds byggi stefnda á því að ábyrgðir hennar séu ógildar. Það sé á ábyrgð stefnanda að hafa látið hjá líða að meta greiðslugetu útgefanda skuldabréfanna og eftir atvikum gera stefndu sem ábyrgðarmanni grein fyrir því ef niðurstaða mats benti til að skuldarinn gæti ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Stefnda hafi mátt treysta því að lánveitandinn, sem stórt fjármálafyrirtæki

með fjölda sérfræðinga og mikla þekkingu í lánsviðskiptum á sínu sviði, gætti að skyldum sínum um gerð vandaðs og trúverðugs greiðslumats og að hagsmunir viðskiptavina almennt og lántaka, og þess sem veitti veð til tryggingar umræddum lánum, væru þá sérstaklega hafðir að leiðarljósi, sbr. til hliðsjónar 4. gr. og 6. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti og reglur um góða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja og venjur, sbr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Af framangreindum ástæðum beri að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Samkvæmt framangreindu, og miðað við þær skyldur sem hafi hvílt á lánveitanda sem fjármálafyrirtæki og samsamaðar verði stefnanda og hann beri ábyrgð á sem réttartaki hans, sé með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga því haldið fram að það sé ósanngjarn og andstætt góðri viðskiptavenju af stefnanda að bera fyrir sig og byggja rétt á fyrrgreindum ábyrgðum stefndu samkvæmt tryggingarbréfinu vegna framangreindra atvika og efnis láns- og veðsamninganna. Eins og hér standi á verði stefnandi að bera hallann af óvissu um hvort stefnda hefði veitt veðheimild í fasteign sinni hefði hann fengið þær upplýsingar sem lánveitandanum hafi borið með réttu að veita um greiðslugetu skuldarans og þýðingu meintrar ábyrgðar hans. Sé í þessu sambandi einnig lögð áhersla á að sanningsstaða aðila hafi verið mjög ójöfn bæði við lántökurnar og útgáfu tryggingarbréfanna, enda lánveitandinn stórt og sérhæft fjármálafyrirtæki sem starfaði á grundvelli opinbers leyfis og til þess hafi mátt gera ríkar kröfur um sérfræðiþekkingu á sviði lánastarfsemi og vönduð vinnubrögð samkvæmt óskráðum reglum og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 og 4. og 6. gr. laga nr. 33/2003. Skyldur stefnanda hafi því verið enn ríkari en ella að misnota ekki aðstöðu sína til þess að ná óeðlilega hagstæðum kjörum fyrir sig gagnvart stefndu. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að gæta að því að ekki væri brotið á rétti stefndu með ólögum samningsákvæðum eða samningsskilmálum lánsamninganna sem hann felli undir veðábyrgðir stefndu. Það sé andstætt góðum viðskiptaháttum SPRON, forvera stefnanda, sem sparisjóðs og lánveitanda og auk þess ósanngjarn og verulega íþyngjandi fyrir stefndu. Stefnanda hafi aftur á móti ekki búið yfir neinni sérstakri menntun eða þekkingu á því sviði sem hér um ræði. Samningarnir sem um sé deilt í þessu máli hafi verið liður í starfsemi annars aðilans, lánveitandans sem fjármálafyrirtækis, en ekki liður í starfsemi hins aðilans, neytandans, stefndu í þessu máli. Af hálfu stefndu sé ítrekað að allar forsendur að baki lánsamningsgerðunum og veðtryggingarsamningnum í upphafi hafi breyst stefndu í óhag og valdið því að hún sé mun verr sett en hún hafi verið þá og staða aðila breyst í verulegum mæli frá því að samningarnir hafi verið gerðir. Það sé því einnig bersýnilega ósanngjarn af hálfu stefnanda að bera ákvæði þeirra fyrir sig vegna atvika sem síðar hafi komið til og valdið því að verulega hallar á stefndu hvað þetta varði. Samkvæmt öllu framangreindu sé skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 til að ógilda veðsetninguna fullnægt. Krefjist stefnda sýknu á þeim grunni verði ekki á áðurgreindar sýknuástæður fallist.

Til stuðnings ógildis málsástæðum sínum kveðst stefnda vísa til hins sérstaka lagaboðs sem fram komi í ákvæði til bráðabirgða í lögum um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 og athugasemdum með því ákvæði í frumvarpi til þeirra laga, að heimilt sé að víkja ábyrgð til hliðar í heild eða að hluta á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og að í tilviki ábyrgðarmanna við beitingu framangreindrar almennrar ógildingarreglu samningalaganna verði litið til þeirra aðstæðna á fjármálamarkaði sem hafi verið undanfari laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. nr.

125/2008 og þeirra atvika er hafi leitt til setningar laganna. Þau sérstöku atvik hafi orðið við efnahags- og gengishrunið í landinu árið 2008 að lánasamningarnir og veðábyrgðir stefndu leiði til ósanngjarnar niðurstöðu bæri stefndu að efna lánessamningana og veðábyrgðirnar samkvæmt efni sínu. Forsendur fyrir efnendum hennar samkvæmt efni þeirra hafi brostið. Þessi löggjafarvilji eigi einnig við varðandi skuldarann sjálfan og skýringu þá- og núgildandi ógildingarreglu samningalaga um réttarstöðu stefndu.

Verði stefnda talin bundin af þeim veðábyrgðum sem hér séu til umfjöllunar sé greiðslubyrði stefndu samkvæmt þeim henni óviðráðanleg og þá sérstaklega eftir hrun íslensku bankanna í október 2008 og í framhaldi af því og setningu laga nr. 125/2008. Haldi stefnda því fram að lánveitandinn hafi, þegar er hann hafi veitt umrætt lán og einnig síðar, vitað eða mátt vita um að þróunin yrði þessi og stefndu svo mjög í óhag sem raun ber vitni og lánveitanda í hag að sama skapi. Við þeirri áhættu hafi lánveitanda borið að vara stefndu. Það hafi hann ekki gert og sé það andstætt góðum viðskiptaháttum banka og sparisjóða. Lánveitandinn hafi á þessum tíma eins og aðrar fjármálastofnanir tekið stöðu gegn íslensku krónunni, en samt ráðlagt lántakanum að taka lán með gengistryggingu gagnvart erlendum myntum. Á því sé byggt af hálfu stefndu að lánveitandanum hafi borið að leita sérstaks samþykkis stefndu fyrir því að veðábyrgð hennar samkvæmt tryggingarbréfunum sem hún gaf út 15. apríl 1997, 16. október 2003 og 24. nóvember 2005 stæðu til tryggingar síðar útgefnum skuldabréfum Dráttarbíla 27. nóvember 2003 og 17. ágúst 2005. Fyrst hann hafi ekki gert svo beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda. Sömu leiðis beri stefnanda því að aflétta tryggingarbréfunum af fasteign stefndu.

Stefnda kveðst mótmæla öllum málsástæðum stefnanda í stefnu sem röngum og þýðingarlausum. Dráttarvaxtakröfu stefnanda sé sérstaklega mótmælt sem vanreifaðri og órökstuddri og þess krafist að dráttarvextir verði ekki dæmdir frá fyrra tímamarki en uppkvaðningu héraðsdóms. Stefnandi hafi ekki virt þá lagaskyldu að eftir gjalddaga skuli kröfuhafi senda eina skriflega viðvörðun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan 10 daga frá sendingu viðvörðunar og að láta koma fram í viðvörðun meðal annars sundurliðun kröfu, hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun. Auk þessa sé vísað til almennra reglna samninga- og kröfuréttarins um stofnun, efnidir, ábyrgð, loforð og lok kröfuréttinda og reglna um kröfuábyrgð og skyldur lánveitanda gagnvart ábyrgðarmanni, þar með talið um tillitsskyldu lánveitanda gagnvart ábyrgðarmanni, ógildingarreglna samningaréttar og óskráðra réttarreglna um brostnar forsendur. Málskostnaðarkrafa stefndu byggist á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. einkum 129. gr. og 1. og 2. mgr. 130. gr.

IV

Í máli þessu leitar stefnandi dóms um heimild til að fá gert fjárnám í fasteign stefndu fyrir skuld Dráttarbíla. Skuldin er byggð á tveimur skuldabréfum í erlendum mynt. Skuldari bréfanna er einkafirmað Dráttarbílar. Krafa stefnanda lýtur ekki að því að stefnda greiði umræddar skuldir, en málið varðar veðkröfu án persónulegrar ábyrgðar veðsalans.

Dagana 15. apríl 1997, 16. október 2003 og 17. ágúst 2005 undirritaði stefnda tryggingarbréf til tryggingar öllum skuldum Dráttarbíla við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis að höfuðstól 4.000.000 króna, 30.000.000 króna og 13. 000.000 króna, auk dráttarvaxta og kostnaðar við innheimtuaðgerðir. Höfuðstóll bréfanna skyldi bundinn vísitölu neysliverðs miðað við tilgreinda grunnvísitölu í hverju bréfi. Með tryggingarbréfunum var fasteign stefndu að Holtsbúð 22 í Garðabæ sett að veði og hvíla bréfin nú á 1., 2. og 3. veðrétti í fasteigninni.

Dráttarbílar gáfu út tvö skuldabréf í erlendri mynt til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Hið fyrra er númer [...] og var gefið út 27. nóvember 2003, upphaflega að fjárhæð 58.228.163 japönsk yen. Hið seinna er númer [...] og var gefið út 24. nóvember 2005, upphaflega að fjárhæð 36.023.887 japönsk yen. Bæði skuldabréfin báru svokallaða LIBOR vexti auk nánar tiltekins álags. Samkvæmt vottorði fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra frá 26. júní 2015 eru Dráttarbílar einkafirma Pálma Sigurðssonar en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta 9. október 2008. Vanskil urði á skuld samkvæmt báðum skuldabréfunum og voru stefndu og Dráttarbílum send innheimtubríf vegna þessa 1. og 2. október 2014. Enn fremur voru stefndu og Dráttarbílum send innheimtubríf 16. júní 2010 og þeim birt greiðsluáskorun 6. september 2011 vegna vanskila á skuldabréfi útgefnu 24. nóvember 2005.

Krafa stefndu um sýknu af kröfu stefnanda er meðal annars byggð á því að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins og hafi ekki gilt framsal á skuldabréfunum til sín. Því beri að sýkna stefndu vegna aðildarskorts stefnanda, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Fyrir liggur í málinu að með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. mars 2009 var stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON hf.) vikið frá störfum og skilanevnd skipuð yfir sparisjóðinn. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins var byggð á heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Í kjölfarið var stofnað sérstakt hlutafélag, Drómi hf., sem tók við öllum eignum og skuldum sparisjóðsins, þar með töldum kröfum samkvæmt skuldabréfum og tryggingaréttindum. Af dómi Hæstaréttar Íslands í málinu númer 672/2013 verður ráðið að ekki sé að lögum nauðsynlegt að áritun um sérstakt framsal fari fram í hverju einstöku tilviki milli aðila, í þessu tilviki frá SPRON hf. til Dróma hf. og síðar til stefnanda málsins. Þó liggur fyrir að bæði fyrrnefnd skuldabréf útgefin 27. nóvember 2003 og 24. nóvember 2005 og tryggingarbréf þau sem nú hvíla á 1., 2. og 3. veðrétti í eign stefndu að Holtsbúð 22 í Garðabæ voru framseld frá Dróma hf. til stefnanda með áritun á bréfin 31. desember 2013. Einnig voru skuldabréf, víxlar, tryggingarbréf og önnur lánaskjöl í eigu Dróma hf. og Frjálsa hf. framseld til stefnanda samkvæmt umboði 31. desember 2013. Samkvæmt þessu verður stefnda ekki sýknuð á grundvelli aðildarskorts stefnanda.

Stefnda byggir sýknukröfuna einnig á því að stefnukrafan sé fallin niður fyrir fyrningu. Byggt er á því að fjárkrafa stefnanda sé ógild og stefnandi hafi glatað rétti sínum til efnda samkvæmt skuldabréfunum bæði á hendur skuldaranum og stefndu. Verði stefnanda ekki veitt heimild til þeirrar fjárnámsgerðar sem hann krefjist í fasteign stefnda með aðfararhæfum dómi. Þá vísar stefnda til 4. töluliðar 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda og byggir á því að kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum fynnist á fjórum árum frá því krafan varð

gjaldkræf. Byggir stefnda á því að greiðslufall hafi orðið á skuldabréfunum 15. maí 2009 og hafi þau þá verið gjaldfelld í samræmi við skilmála þeirra. Einnig vísar stefnda til þess að allar kröfur á hendur þrotabúi Pálma Sigurðssonar og einkafirma hans, Dráttarbílum, þar með taldar kröfur samkvæmt skuldabréfunum, hafi fallið sjálfkrafa í gjalddaga við töku bús hans til gjaldþrotaskipta með úrskurði 9. október 2008. Innheimtuaðgerðir sem slitið gætu fyrningu hafi ekki verið hafnar fyrr en með stefnu í málinu sem þingfest hafi verið 28. janúar 2015, en þá hafi meira en fjögur ár verið liðin frá því að krafan varð gjaldkræf og hún því fyrnd samkvæmt 4. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905.

Sem fyrr segir var bú Pálma Sigurðssonar var tekið til gjaldþrotaskipta 9. október 2008. Lauk skiptum í búinu 17. apríl 2009. Samkvæmt 5. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. verður bú einkafirma manns ekki tekið til gjaldþrotaskipta nema bú þess manns eða þeirra sem ábyrgð bera á skuldbindingum firmans hafi áður verið tekin til gjaldþrotaskipta. Þrátt fyrir að bú Pálma Sigurðssonar hafi verið tekið gjaldþrotaskipta á hið sama ekki við um einkafirma hans, Dráttarbíla, en samkvæmt fyrrnefndu vottorði fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra 26. júní 2015 er einkafirmað Dráttarbílar á fyrirtækjaskrá og er því ennþá til. Því liggur fyrir að kröfur á hendur Dráttarbílum hafa ekki fallið sjálfkrafa í gjalddaga við gjaldþrot Pálma Sigurðssonar, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga um gjaldþrotaskipti eins og stefndi heldur fram, enda um sjálfstæðan lögaðila að ræða. Einkafirmað Dráttarbílar hefur samkvæmt þessu hvorki verið tekið til gjaldþrotaskipta né verið afskráð úr firmaskrá. Ekki er því unnt að fallast á það með stefndu að kröfur stefnanda séu fallnar niður fyrir fyrningu, hvorki samkvæmt 3. tölulið 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, né samkvæmt 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., en stefnda hefur einnig vísað til þess til stuðnings sýknukröfu sinni, að tveggja ára fyrningarfrestur frá skiptalokum á búi Pálma Sigurðssonar eigi að gilda um kröfur stefnanda.

Fjárkröfur stefnanda á hendur Dráttarbílum eru sem fyrr segir samkvæmt tveimur skuldabréfum, útgefnum 27. nóvember 2003 og 24. nóvember 2005. Slíkar kröfur fynast á 10 árum samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1905, sbr. nú 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Fram er komið að firmað Dráttarbílar hefur ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og því gilda fyrningarreglur gjaldþrotaskiptalaga ekki um kröfur stefnanda á hendur Dráttarbílum. Dómkrafa stefnanda á hendur stefndu varðar eins og fram er komið að stefndu verði gert að þola að fjárnám verði gert í fasteign hennar fyrir skuld Dráttarbíla samkvæmt fyrrnefndum tryggingarbréfum útgefnum 15. apríl 1997, 16. október 2003 og 17. ágúst 2005. Fyrir liggur að stefnda undirritaði tryggingarbréfin. Með þeim undirritunum veitti stefnda forvera stefnanda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, heimild til að setja að veði tilgreinda fasteign sína til að tryggja skaðleysi sparisjóðsins, en bakaði stefndu ekki greiðsluskyldu gagnvart stefnanda. Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda fynist slíkur réttur ekki, óháð fyrningu þeirrar skuldar sem að baki veðréttinum stendur. Stefnda er bundin af veðrétti stefnanda í eign sinni, enda eru réttindi hans ekki fallin niður fyrir fyrningu.

Sýknukrafa stefndu er enn fremur á því byggð að hún sé ábyrgðarmaður í skilningi 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, en stefnandi hafnar því að lögum nr. 32/2009 verði beitt til þess að víkja til hliðar lögum um samningsveð nr. 75/1997.

Undirritun stefndu á fyrrnefnd tryggingarbréf fól ekki í sér ábyrgð á skuld Dráttarbíla og verður ekki jafnað við slíka skuldbindingu. Í athugasemdum með 2. gr. í frumvarpi til laga nr. 32/2009 um ábyrgðamenn segir að frumvarpið taki bæði til þess þegar einstaklingur gengst í persónulega ábyrgð og þegar hann veitir veð í eignum sínum til tryggingar efnudum. Þegar um persónulega ábyrgð er að ræða standa að meginstefnu til allar eignir viðkomandi til tryggingar efnudum lánsins. Þegar veitt er veð er á hinn bóginn tilgreind eign eða eignir sem standa til tryggingar efnudum. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð öðlast veðréttur réttarvernd við þinglýsingu í fasteignabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Af fyrrnefndum athugasemdum í frumvarpi til laga um ábyrgðamenn þykir ljóst að veðréttindi og persónuleg ábyrgð veðsala þurfa ekki að fara saman eða fylgjast að. Ekki er gerð fjárkrafa á hendur stefndu í málinu en við það miðað að stefnda sé veðsali sem hafi samþykkt veðsetningu eignar sinnar án persónulegrar ábyrgðar til tryggingar skuld Dráttarbíla við stefnanda. Er niðurstaða dómsins því sú að um sé að ræða veðréttindi án persónulegrar ábyrgðar veðsala. Af því leiðir að stefnda er ekki ábyrgðarmaður í skilningi laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn og verður ekki fallist á þau sjónarmið stefndu. Sama á einnig við um sjónarmið stefndu að baki sýknukröfu hennar að forverar stefnanda hafi ekki farið eftir reglum um mat á greiðslugetu samkvæmt Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga 1. nóvember 2001. Ákvæði samkomulagsins geta ekki komið til álita við úrlausn á ágreiningi aðila.

Af hálfu stefndu er enn fremur byggt á því að miðað við skyldur stefnanda sem fjármálafyrirtækis sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af honum að bera fyrir sig og byggja rétt á ætlaðri ábyrgð stefndu samkvæmt tryggingarbréfunum. Sé það vegna atvika sem byggt sé á af hálfu stefndu, efni skuldabréfanna og veðsamninganna, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá vísar stefnda að auki til þess að samningsstaða aðila hafi verið ójöfn, bæði við sjálfar lántökurnar og útgáfu tryggingarbréfanna. Gera hafi mátt ríkar kröfur til stefnanda um sérfræðiþekkingu til lánastarfsemi og vönduð vinnubrögð samkvæmt óskráðum reglum og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 4. og 6. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Samkvæmt því sem rakið er að framan hefur dómurinn hafnað þeirri málsástæðu stefndu að hún sé ábyrgðarmaður í skilningi 2. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn að því er tekur til persónulegrar ábyrgðar á skuldum Dráttarbíla. Með vísan til þess fær dómurinn ekki séð að nokkur efni séu til þess að fallast á síðastnefndar málsástæður stefndu sem teft er fram með skírskotun til nefndra laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og þágildandi laga nr. 33/2003 verðbréfavíðskipti. Að mati dómsins hefur stefnda ekki rennt haldbærum rökum undir fullyrðingar sínar og koma þær ekki til álita.

Samkvæmt öllu framanröktu er ekki fallist á að stefnda hafi fært haldbær rök fyrir kröfu sinni um sýknu í málinu. Til þess er að líta að krafa stefnanda er reist á fjárkröfu samkvæmt tveimur skuldabréfum í erlendri mynt. Slík krafa fynnist á 10 árum. Aðalskuldari er einkafirmað Dráttarbílar, sem hvorki hefur verið slitið né tekið til gjaldþrotaskipta. Til tryggingar fjárkröfum stefnanda er veðréttur í fasteign stefndu, sem er gildur að lögum. Veðkrafan er án persónulegrar ábyrgðar veðsalans,

enda er stefnda ekki krafinn um greiðslu skuldarinnar. Samkvæmt þessu er niðurstaða dómsins sú að taka beri til greina kröfu stefnanda í málinu og verður stefndu gert að þola að fjárnám verði gert fyrir skuld Dráttarbíla inn í veðrétt samkvæmt nefndum tryggingarbréfum frá 15. apríl 1997, 16. október 2003 og 17. ágúst 2005 eins og nánar greinir í dómsorði.

Með vísan til niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið mið af því að samhliða þessu máli hefur stefnandi rekið dómsmál á hendur tengdum aðila um sambærilegt álitafni, málið númer E- 77/2015.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Anna Lóa Marinósdóttir, skal þola að fjárnám verði gert fyrir skuld Dráttarbíla við stefnanda, Hildu ehf., samkvæmt skuldabréfum útgefnum af Dráttarbílum 27. nóvember 2003 númer [...] og 24. nóvember 2005 númer [...], samtals að fjárhæð 98.941.250 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu af 42.521.241 krónu frá 15. maí 2009 til 17. maí 2010 en af 98.941.250 krónum frá þeim degi til greiðsludags, auk kostnaðar, inn í veðrétt samkvæmt tryggingarbréfum áhvílandi á fasteign stefndu að Holtsbúð 22 í Garðabæ, fastanúmer [...]: Tryggingarbréf á 1. veðrétti, dagsett 15. apríl 1997, upphaflega að höfuðstól 4.000.000 króna, tryggingarbréf á 2. veðrétti, dags. 16. október 2003, upphaflega að höfuðstól 30.000.000 króna og tryggingarbréf á 3. veðrétti, dagsett 17. ágúst 2005, upphaflega að höfuðstól 13.000.000 króna.

Stefnda greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

Jón Höskuldsson